

Stjórn VR,

b.t. formanns

Kristins Arnar Jóhannessonar

Húsi verzlunarinnar

10. mars 2011

Ég vísa til símtals okkar að loknu Kastljósi Sjónvarpsins nú í kvöld þar sem þú hvattir mig til að stíga til hliðar úr stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í ljósi umræðunnar. Mér er bæði ljúft og skylt að verða við þeim tilmælum þínum, sem ég tel skiljanleg og eðlileg í stöðunni. Mikilvægt er að stjórnarmenn í þessum fjársterkasta lífeyrissjóði landsins liggi ekki undir ámæli af þessu tagi, þótt umdeilanleg séu.

Ég vil ekki láta hjá líða að geta þess í þessu sama bréfi að ásakanir um ólögmætt samráð eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Mér var á sínum tíma synjað um andmælarétt og skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins á meðan á meðferð málsins stóð á þeim forsendum að ég væri ekki málsaðili. Ekki var heldur gefinn kostur á að ég gæfi stofnuninni skýrslu mína, sem er augljóslega vafasamt í ljósi rannsóknarskyldu þeirrar sem stjórnsýslulög áskilja. Ég tel að á mér hafi verið brotinn réttur með aðferð Samkeppniseftirlitsins og mun gera grein fyrir því opinberlega.

Á morgun hinn 11. mars 2011 verður stjórnarfundur í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og hefi ég þegar gert ráðstafanir til að varamaður minn verði boðaður á þann fund. Þá hefi ég óskað eftir að sama gildi um aðra fundi stjórnarinnar á næstunni. Ég hefi enn fremur í huga að segja mig að fullu og öllu úr stjórn lífeyrissjóðsins, í nánara samkomulagi við stjórn VR. Áður en til þess kemur vil ég þó hitta forsvarsmenn VR og taka endanlega ákvörðun í framhaldi af því.

Ég vil á þessari stundu þakka stjórn VR og formanni VR fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt á umliðnum misserum með því að tilnefna mig í stjórn lífeyrissjóðsins. Það er sérstaklega ánægjulegt að einmitt nú skuli vera kominn í ljós skýr viðsnúnningur í afkomu sjóðsins, sem nú skarar að mínum dómi fram úr meðal lífeyrissjóða hvað varðar rekstur og stöðu.

Með þakklæti og góðum kveðjum,



Ragnar Önundarson